



Notkun á vefjum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns

2011

Vefumsjón: Áki G. Karlsson



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

2012

Notkun á vefjum Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns

Eftirfarandi er skýrsla um notkun á vefjum Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns árið 2011. Skýrslan er unnin upp úr gögnum Modernus fyrir flesta vefina, en Google Analytics fyrir fjóra nýjustu vefina í talningu (Inngang, OpenAccess.is, Bækur.is og Rafhlöðuna). Raunar er nú tvöföld vefmæling á mörgum vefjum safnsins þar sem þeir eru mældir bæði með Modernus og Google Analytics sem bjóða upp á ólíka valkosti. Skýrslan fjallar um notkun á sautján vefjum sem er haldið úti á vegum safnsins.

Eins og fyrri ár sýna gröfin niðursveiflu í notkun flestra vefjanna yfir sumar og jólafrí. Ef staðalfrávik tíu efstu vefjanna eru skoðuð sést að þessar sveiflur hafa mest áhrif á Hvar.is og aðalvef safnsins en minnst áhrif á Tímarit.is og Doktoraskrá.

Mesta breytingin milli ára er á notkun vefs Kvennasögusafns. Ný útgáfa af þeim vef kom út haustið 2010 og hefur umferð í kjölfarið nánast þrefaldast milli ára. Mest notuðu vefir safnsins, Tímarit.is og Skemman.is, bæta enn talsverðu við sig (50% og 40% aukning milli ára) en aukningin er samt minni en síðasta ár og er hugsanlegt að þeir séu farnir að leita jafnvægis eftir mikinn vöxt undanfarin ár.

Tímarit.is er nú að jafnaði á topp 30 yfir þá íslensku vefi sem Modernus mælir. Ekki þarf mikla leit á íslenskum vefsíðum til að sjá að vefurinn er orðinn mikilvæg uppspretta þekkingar í samtímaumræðunni enda er mikið til hans vísað, sérstaklega á vefjum eins og Facebook og Wikipedia þar sem notendur leggja sjálfir til efni. Rannsóknir í bæði málfræði og sögu sem byggjast að miklu leyti á efni vefjarins birtast nú hver á fætur annarri.

Ekki er hægt að sjá breytingu milli ára fyrir nýjustu vefina í talningu. Af öðrum vefjum safnsins bæta Jónasarvefur, Handrit.is og Vefsafnið nokkuð við sig milli ára en notkun annarra vefja minnkar. Sérstaklega er áhyggjuefni að notkun á aðalvef safnsins dregst saman um nær 20% milli ára eftir aukningu síðustu tvö ár. Ætti það að vera tilefni til endurskoðunar á vefnum. Eins vekur athygli að notendum Útgáfuskrár fækkaði um nær 50% milli ára og þarf að grafast fyrir um ástæður þess. Minnkandi notkun Sagnanets og kortavefs var hins vegar viðbúin. Nú stendur yfir tímabær endurskoðun þess síðarnefnda.

Vegna breytinga á kerfisumhverfi Reiknistofnunar var vefur um Jónas Hallgrímsson fluttur úr SoloWeb-vefumsjónarkerfi í vefumsjónarkerfi safnsins í upphafi árs. Engar breytingar voru gerðar á hönnun eða uppsetningu vefjarins við þann flutning.

Í desember var vefurinn Hvar.is færður í nýtt vefumsjónarkerfi og miklar breytingar gerðar á honum um leið. Ný samleit í gagnasöfnum í landsaðgangi varð aðgengileg á samþætту leitargáttinni Leitir.is sem Landskerfi bókasafna hleypti af stokkunum 11. nóvember og er nú tengt í hana beint af forsiðu Hvar.is.


Með flutningi Jónasarvefs og nýjum vef Hvar.is eru allir vefir safnsins, aðrir en gagnagrunnsvefir, komnir í sama vefumsjónarkerfi sem einfaldar bæði vefumsjón og kerfisumsýslu. Nýrri öryggisuppsetningu var komið á á árinu sem tryggir að óviðkomandi geti ekki hakkað sig inn á vefina.

Uppfærsluumhverfi Doktoraskrár var breytt á árinu og nýtt viðmót sett upp fyrir þá sem vinna að breytingum á gagnagrunninum þar á bak við.


Eitt af því sem auðvelt er að skoða með Google Analytics er notkun vasatölva (snjallsíma og spjalddölva). Komur á vinsælustu vefi safnsins með slíkum tækjum hafa tvöfaldast á árinu, en notkunin er samt sem áður vel innan við 5% af heildarnotkun. Það er þó full ástæða til að bregðast við þessari miklu aukningu og endurskoða vefina með tilliti til notkunar með litlum snertiskjám.

12. janúar, 2012
Áki G. Karlsson, vefstjóri

Nokkrar heildartölur yfir þjónustu safnsins á vef








Athugið að samtala notenda segir ekkert um raunverulegan fjölda notenda þar sem sami notandi getur verið margtalinn. Mestur fjöldi notenda á einum vef sama daginn var um 4600 notendur á Tímarit.is einn dag í febrúar 2011.



Fjöldi notenda*

	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des	Alls	2010
timarit.is	80.416	75.759	64.331	50.055	42.653	38.085	36.550	40.762	45.867	49.896	47.065	39.346	610.785	412.777
skemman.is	17.961	16.800	21.026	16.606	15.342	10.910	9.038	11.487	17.713	18.802	19.261	12.630	187.576	133.149
landsbokasafn.is	8.679	9.001	10.109	10.991	7.322	3.686	3.013	4.832	10.186	10.502	10.896	6.921	96.138	119.115
hvar.is	5.359	5.663	6.074	6.013	3.085	2.107	1.661	2.762	6.059	6.785	3.858	1.054	50.480	59.830
handrit.is	2.366	2.546	2.771	2.212	1.860	1.331	1.037	1.258	1.727	1.803	1.951	1.343	22.205	19.438
bækur.is**	1.108	980	1.072	847	850	633	541	719	1.046	1.231	1.374	1.206	11.607	N/A
vefsafn.is	997	1.002	1133	836	1196	650	500	707	684	953	747	688	10.093	9.509
doktor.bok.hi.is	1.274	1.243	1.316	1.201	954	572	468	700	704	533	434	277	9.676	14.752
jonashallgrimsson.is	534	514	692	796	569	260	237	297	497	788	1.988	695	7.867	7.279
rafhladan.is**	0	3	233	446	580	2.263	268	484	630	709	716	425	6.757	N/A
islandskort.is	1078	811	684	484	486	315	431	318	409	338	341	251	5.946	12.511
sagnanet.is	498	488	505	407	491	599	475	354	576	375	350	332	5.450	5.921
kvennasogusafn.is	173	501	663	428	350	295	189	242	453	514	469	345	4.622	1.262
utgafuskra.is	468	496	590	429	539	258	323	226	215	293	259	179	4.275	8.421
hask.bok.hi.is	134	144	135	116	106	101	82	119	153	143	136	100	1.469	1.674
openaccess.is**	140	110	127	77	46	20	11	38	61	67	82	39	818	N/A
inngangur.landsbokasafn.is**												333	333	N/A








* **Fjöldi notenda** segir til um það hversu margar IP-tölur hafa komið inn á vefinn á hverjum degi. Þessi tala er í raun tilraun til að svara spurningunni „hversu margir nota vefinn?“, en talningin tekur t.d. ekki tillit til þess að sami notandinn getur notað vefinn með mismunandi tölvum. Þessi mæling er sú sem oftast er notuð til að bera saman vinsældir vefja .

** Tölur frá Google Analytics. Enginn samanburður milli ára.

Fjöldi innlita*

	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des	Alls	2010
timarit.is	112.732	108.448	94.365	75.647	65.090	58.166	55.174	63.004	73.043	81.348	76.632	59.785	923.434	627.947
skemman.is	27.825	25.924	33.825	31.787	27.014	16.025	12.552	16.477	29.109	32.143	35.507	19.545	307.733	213.782
landsbokasafn.is	14.737	15.764	18.237	18.435	12.279	6.596	5.604	8.437	17.667	18.111	18.321	10.777	164.965	195.042
hvar.is	10.722	12.022	13.387	11.738	6.703	4.969	3.938	5.688	10.197	14.320	7.266	1.763	102.713	130.106
handrit.is	3.093	3.490	3.777	3.093	2.557	2.222	1.706	1.898	2.441	2.608	2.747	1.864	31.496	27.767
bækur.is**	1.579	1.518	1.702	1.349	1.335	1.063	879	1.031	1.511	1.914	2.088	1.608	17.577	N/A
vefsafn.is	1.328	1.339	1.485	1.108	1.669	886	682	1.015	911	1.272	1.102	956	13.753	12.985
doktor.bok.hi.is	1.363	1.303	1.411	1.298	1.035	647	547	800	795	577	503	310	10.589	16.135
jonashallgrimsson.is	654	685	882	973	622	293	260	321	562	988	2.542	856	9.638	8.906
rafhladan.is**	0	5	361	521	659	2.380	339	710	865	963	877	497	8.177	N/A
hask.bok.hi.is	891	706	750	559	586	430	324	612	775	719	816	584	7.752	8.747
islandskort.is	1147	867	736	564	514	331	464	353	489	412	421	289	6.587	13.482
sagnanet.is	574	566	590	445	531	626	501	377	592	397	384	365	5.948	6.680
kvennasogusafn.is	191	626	864	521	420	329	243	292	589	677	577	393	5.722	1.724
utgafuskra.is	500	609	607	473	581	276	358	244	232	345	274	193	4.692	8.875
inngangur.landsbokasafn.is**												3.025	3.025	N/A
openaccess.is**	153	123	165	84	64	21	12	39	63	79	106	42	951	N/A








* **Fjöldi innlita** segir til um það oft vefurinn var heimsóttur í hverjum mánuði. Fjöldi innlita er hærri en fjöldi notenda af því að sami notan dinn getur heimsótt vefinn oftár en einu sinni. Hvað telst sama heimsókn og hvað telst ný heimsókn miðast við lengd setu, en ein seta rennur út eftir vissan tíma sem skilgreindur er af vefþjóni viðkomandi vefs.

** Tölur frá Google Analytics. Enginn samanburður milli ára.

Síðuflettingar*

	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des	Alls	2010
timarit.is	779.467	787.357	762.210	657.412	644.734	643.298	486.935	565.611	595.898	616.675	594.209	523.727	7.657.533	7.128.572
skemman.is	164.340	146.014	175.242	195.594	193.111	106.245	62.076	83.133	171.664	181.543	182.804	100.972	1.762.738	1.433.545
landsbokasafn.is	40.195	42.374	46.687	42.419	27.796	16.533	14.132	22.922	46.738	48.997	46.823	26.499	422.115	508.196
bækur.is**	18.562	19.403	22.672	22.991	21.066	34.137	18.825	13.508	17.155	23.131	18.423	16.102	245.975	N/A
handrit.is	20.428	20.603	21.511	17.697	14.841	23.421	15.000	14.766	14.834	16.400	19.467	13.245	212.213	200.199
hvar.is	20.787	22.093	24.367	22.902	11.369	8.593	6.489	10.197	21.449	33.530	13.518	4.214	199.508	261.870
vefsafn.is	11.882	11.587	11.824	12.699	20.073	8.298	5.645	10.127	8.278	10.434	10.244	8.325	129.416	121.924
rafhladan.is**		124	8.548	7.420	5.805	6.607	3.829	8.289	10.063	10.359	5.848	1.642	68.534	N/A
islandskort.is	6.072	6.028	5.770	5.222	5.069	2.846	3.054	3.330	10.116	3.640	5.154	2.503	58.804	88.762
hask.bok.hi.is	4.601	3.309	3.938	3.099	3.352	3.456	1.709	3.174	4.195	5.086	4.428	3.543	43.890	49.036
jonashallgrimsson.is	2.082	2.125	2.900	2.719	1.761	847	651	934	1.735	4.238	11.764	2.795	34.551	33.818
doktor.bok.hi.is	3.113	2.881	3.466	3.464	2.613	1.816	1.272	1.852	2.420	1.827	2.010	1.325	28.059	42.345
kvennasogusafn.is	555	1.800	2.336	1.380	1.181	847	679	877	1.828	2.171	1.757	1.039	16.450	5.671
utgafuskra.is	1.439	2.866	1.007	1.659	2.004	542	1.016	506	574	1.116	613	462	13.804	18.328
sagnanet.is	1.339	1.386	1.362	952	971	965	813	733	1.092	768	874	887	12.142	15.261
inngangur.landsbokasafn.is**												8.185	8.185	N/A
openaccess.is**	318	263	462	162	133	48	26	95	144	141	186	63	2.041	N/A



* **Síðuflettingar** segja til um það hversu margar síður hafa verið sóttar frá viðkomandi vef í hverjum mánuði. Þær segja því til um það hversu mikið efni er skoðað á vefnum. Síðuflettingar eru þannig miklu hærri en fjöldi notenda og innlita því hver notandi skoðar gjarnan fleiri en eina síðu á vefnum í hverju innliti. Þetta er þó mjög misjafnt og fer eftir því hvers eðlis viðkomandi vefur er; sumir vefir eru þannig að notendum er nóg að líta á forsíðuna í hvert skipti til að nálgast bær upplýsingar sem bá vantar. meðan aðrir eru bannig að notandinn þarf að kafa eftir upplýsingum.